

8. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 18. apríl 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN), Ásgeir Jónasson (ÁJ)
og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri - 2210466

Erindi frá Arnarlaxi dags. 29.03.2023 vegna athugsemða og ábendinga vegna umhverfisskýrslu aðal- og deiliskipulags á Gileyri.

Ingibjörg Jóna Nóadóttir vék af fundi undir þessum lið.

Fyrir liggja svör frá framkvæmdaraðila við þeim atriðum sem fram komu í bókun skipulagsnefndar frá 21. mars sl. Fyrir liggur einnig greinargerð vegna breytingar á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018 þar sem búið er að taka tillit til þessara atriða. Skipulagsnefnd telur að þær upplýsingar sem fram koma í erindi Arnarlax séu nægjanlegar til þess að svara ábendingum skipulagsnefndar frá 21. mars og felur skipulagsfulltrúa að hafa samband við framkvæmdaraðila þannig að upplýsingar sem fram koma í greinargerð aðalskipulags skili sér einnig í breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinsyrar í Tálknafirði.

Samþykkt

2. Deiliskipulag - Þinghóll. - 1706010

Óstaðfest deiliskipulag Þinghóls, frístundabyggðar og þjónustulóðar á milli Hólsár og skólasvæðis, lagt fram til umræðu.

Síðast á dagskrá 514. fundar sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.06.2017 og 26. fundar byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.06.2017.

Lagt fram til kynningar. Lagt til að endurskoða skilmála deiliskipulagstillögu með það að sjónarmiði að þakgerð verði gerð frjáls, gera megi ráð fyrir gestahúsum á lóðum allt að 30 fermetrar. Skoða skal byggingarmagn á öllum lóðum.

Samþykkt

3. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138

Tillaga að deiliskipulagi stofnana- og íþróttasvæði lögð fram til umræðu.

Síðast á dagskrá 1. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.07.2022.

Lagt fram til kynningar. Tillaga verði löguð miðað við umræður á fundinum.

8. fundur
26.04.2023

Samþykkt

4. Deiliskipulag í Hrafnadal - 2105001

Tillaga að deiliskipulagi geymslu- og gámasvæðis við Hrafnadal lögð fram til umræðu.

Síðast á dagskrá 1. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.07.2022.

Lagt fram til kynningar og umræðu.

Samþykkt

5. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Samantekt á svörum atvinnurekenda og landeigenda við spurningarlista vegna nýs aðalskipulags.

Lagt fram til kynningar og umræðu.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Ásgeir Jónasson(ÁJ)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)